

EFNISYFIRLIT

ALMENNAR UPPLÝSINGAR.....	2
LEIKSKÓLI	2
UPPELDISSTARF, ÁHERSLUR OG MARKMIÐ.....	2
STARFIÐ SL. LEIKSKÓLAÁR.....	2
STARFSÁÆTLUN	2
INNRA MAT Á STARFINU, FRAMKVÆMD OG NIÐURSTÖÐUR	3
ÞRÓUNAR- OG NÝBBREYTNISTARF.....	3
FERÐIR, MENNINGARVIÐBURÐIR, SÝNINGAR, HEFÐIR OG HÁTÍÐIR.....	4
<i>Menningarviðburðir og aðrar skemmtanir</i>	<i>5</i>
<i>Kynning á leikskólanum út á við.....</i>	<i>9</i>
STARFSMENN	11
STÖÐUGILDI	11
FUNDIR.....	11
SKIPULAGS- OG NÁMSKEIÐSDAGAR – ENDUR- OG SÍMENNTUN.....	11
BÖRN	13
FJÖLDI BARNA	13
SÉRKENNSLA.....	13
FORELDRASAMSTARF.....	14
ÁHERSLUR OG MARKMIÐ.....	14
FORELDRAFUNDIR	14
FORELDRAVIÐTÖL, FRÉTTABRÉF	15
FORELDRAFÉLAG.....	15
SAMSTARF – FRÆÐSLA - RÁÐGJÖF.....	16
RÁÐGJÖF OG SAMSTARF VIÐ REKSTRARADILA.....	16
SAMSTARF VIÐ AÐRA.....	16
STARFSMANNASAMTÖL.....	17
LEIK- OG GRUNNSKÓLAKENNARANÁM VIÐ HÍ.....	17
SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA.....	17
ÖRYGGISMÁL	18
NÁMSKEIÐ, FYRIRLESTRAR, RÁÐSTEFNUR O.FL.	19
LOKAORÐ.....	21

Almennar upplýsingar

Leikskóli

Tjarnarsel, Tjarnargötu 19 – sími 420-3100

Netfang: tjarnarsel@reykjanesbaer.is

Veffang: www.tjarnarsel.is

Leikskólinn Tjarnarsel tók til starfa árið 1967 og er elsti leikskólinn í Reykjanesbæ. Tjarnarsel er með fjórar aldursskiptar deildir. Fyrir sumarfrí ár hvert færast nemendur hvernar deildar yfir á næstu aldursdeild ásamt kennurum.

Leikskólinn hefur skýra starfsmannastefnu með marga fagmenntaða starfsmenn sem búa yfir mikilli starfsreynslu.

Uppeldisstarf, áherslur og markmið

Í leikskólanum er starfað samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem Menntamálaráðuneytið gaf út 1999. Áhersluþættir leikskólans eru vettvangsferðir, lestrarhvetjandi umhverfi og umhverfismennt. Markmiðið er að flétta saman vettvangsnámi, umhverfisfræðslu og lestrarhvetjandi umhverfi inn í daglegt líf og starf leikskólans. Jafnframt hefur leikskólinn lagt mikla áherslu á að bjóða nemendum upp á opinn efnivið til leiks og til ýmiss konar sköpunar eins og kubba af öllum stærðum og gerðum. Í Tjarnarseli er áhersla á tillitssemi, vináttu og kærleika milli allra og hver einstaklingur lærir að bera virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu. Tjarnarsel er Grænánaskóli og hefur mótað umhverfisstefnu sem kennarar og nemendur koma að. Skýr starfsmannastefna og skólanámsskrá leikskólans gerir vinnuferlið opnara og sýnilegra fyrir starfsfólk leikskólans og foreldra leikskólabarna.

Einkunnarorð leikskólans eru; hreyfing – lífsgleði – upplifun og virðing sem tengjast inn í daglegt líf leikskólans.

Starfið sl. leikskólaár

Starfsáætlun

Starfsáætlunin byggir á áhersluþáttum og því þróunarstarfi sem er í gangi í leikskólanum og framtíðarsýn starfsmanna hans. Hlutverk hennar er tvíþætt; annars vegar er hún hugsuð sem tímaáætlun og hins vegar vinnuáætlun. Áætlunin er lögð fyrir leikskólakennara/leiðbeinendur og annað starfsfólk og það kemur með tillögur sem tekið er mið af við gerð starfsáætlunarinnar.

Dagatal leikskólans

Í september 2010 var dagatal leikskólans fyrir starfsárið 2010 - 2011 lagt fram. Einnig í fyrsta sinn starfsmannadagatal leikskólans þar sem allir viðburðir varðandi starfsmenn komu fram. Drög að dagatalinu lagt fyrir í byrjun og starfsfólk fékk tækifæri til þess að koma með athugasemdir og ábendingar og það síðan útgefið, (sjá fylgiskjal 1 og 2).

Innra mat á starfinu, framkvæmd og niðurstöður

Endurmat – mat á þróunarverkefninu *Bók í hönd og þér halda engin bönd*

Matsaðferðir – spurningalistar lagðir fyrir kennarana, einstaklingslega og í hópumræðum Kannanir

Þróunar- og nýbreytnistarf

Þróun lestrar- og skriftarnámsins. Sífelld er verið að endurskoða og aðlaga tíu vikna lestrar- og skriftarnámið að starfsháttum og stefnu leikskólans og tókum við tillit til hugmyndaauðgi og reynslu kennaranna og lýðræðislegrar þátttöku elstu barnanna. S.l. ár hófum við lestrar- og skriftarnámskeiðið 15. sept. '10 og stóð það yfir í tíu vikur. Þá gafst okkur tækifæri að halda áfram á vorönninni og gátum einnig létt á starfinu sem var orðið frekar yfirgripsmikið á vorönninni s.s. vegna undirbúnings listahátíðar barna.

Spurningalisti lagður fyrir foreldra Sunnuvallabarnanna 13. des. '10, varðandi afstaðið lestrar- og skriftarnámskeið.

Spurningalisti lagður fyrir kennara Sunnuvallabarnanna, 14. des. '10, varðandi afstaðið lestrar- og skriftarnámskeið.

Spurningar lagðar fyrir Sunnuvallabörnin, 15. des. '10, að afloknu lestrar- og skriftarnámskeiði.

Viðurkenningar fyrir þátttöku í lestrar- og skriftarnámskeiðinu voru afhentar í jólasamverustund leikskólans með fjölskyldum barnanna í Kirkjulundi í desember 2010.

Þátttökuáðlögun. Í ár fólst þátttökuáðlögunin í því að öll börnin á Mánavöllum voru tekin inn í einum hópi. Foreldrarnir voru með þeim í þrjá daga frá kl. 9:00 – 15:00 alla dagana og var þeim boðið upp á hádegisfyrirlestra á meðan á hvíld stóð og flutti Árdís Hrönn erindi um málþroska barna og kynnti þróunarverkefnið „Bók í hönd og þér halda engin bönd“, Margrét kynnti útinám í vettvangsferðum, Inga María kynnti nám í gegnum leik og Ragnhildur nám í gegnum könnunarleik. (sjá fylgiskjal nr. 3).

Bók í hönd og þér halda engin bönd, áfram var haldið með þróunarverkefnið og hefur verkefnisstjórinn verið dugleg við að kynna það í öðrum leikskólum og í öðrum sveitarfélögum (sjá kynning á leikskólanum út á við).

Bók að heiman. Einn liður þróunarverkefnisins var meiri samvinna við foreldra og fékk hvert barn miða hvenær það ætti að koma með bók að heiman sem lesin yrði í leikskólanum og rædd enn frekar. Markmiðið var að vekja enn frekar áhuga barna á bókum, æfa þau í að koma fram og segja hvort öðru frá.

Erum að sjá fyrir endann á þróunarverkefninu Bók í hönd og tekinn er við undirbúningur að handbók sem áætlun er að komi út ca. eftir ár.

Kennsluáætlanir fyrir hvert aldurstig – eru endurmetnar og gefnar út ár hvert. Skólanámskrá tveggja elstu árganganna leit dagsins ljós s.l. haust, sem foreldrar fengu afhent.

Kleinan, fréttabréf starfsmanna, gefin út október '10 – maí '11, alls 8 fréttabréf fram að sumarleyfi '11, sem upplýsingamiðlun fyrir kennara leikskólans.

Styrkur til þróunarverkefna;

Manngildissjóður

Leikskólinn fékk úthlutaðan styrk frá Manngildissjóði Reykjanesbæjar - skólaþróunarsjóði að upphæð kr. 525.000.- fyrir *Handbók um Orðaspjall*, þann 28. júní '11.

Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir

Stytttri kynnisferðir. Í hópastarfi sem er þrisvar-fjórum sinnum í viku er farið að mestu í vettvangsferðir. Þá eru svæði eins og Skrúðgarður, Nónvarða, Vatnsholt, Hrauntúnsholt, Skólaholt, fjaran, smábátahöfnin, Skessuhellir, Fitjarnar og ótal önnur svæði könnuð í öllum sínum fjölbreytileika. Flest er farið gangandi en þó stundum með strætisvögnum bæjarins.

Lengri ferðir. Í ævintýraviku elstu barna leikskólans er farið í styttri og lengri ferðir. Í vor var farið; á slökkvistöðina í Reykjanesbæ, á glerblástursverkstæði í Grófinni þar sem börnin fengu sýnikennslu í glerblæstri og gengin strandleiðin frá Innri-Njarðvík til Keflavíkur. Þá buðu elstu börnin vinaleikskólanum sínum Arnarsmára í Kópavogi í landnámsdýragarðinn einnig að skoða Stekkjarkot og þar voru grillaðar pylsur fyrir alla og farið í skemmtilega leika og farið síðan í Víkingaheima þar sem þau klæddust víkingafötum og fóru um borð í víkingaskipið.

Allur leikskólinn fór í júníbyrjun með strætó í Landsnámsdýragarðinn og í Stekkjarkot (*sjá menningarviðburðir og aðrar skemmtanir*).

Menningarviðburðir og aðrar skemmtanir



Úti-íþróttadagur haldinn 14. september '10 í frábæru veðri. Allar deildirnar tóku þátt. Útisvæðinu var skipt upp í 8 stöðvar og fóru hóparnir ásamt hópstjóra sínum á hverja stöð í ákv. tíma.

Sunnvallabörnin fóru að Myllubakkaskóla og tóku þátt í **opnun Ljósanæturhátíðarinnar 2. sept. '10**. Bærinn dreifði blöðrum sem allir leikskólarnir nálguðust í Tjarnarseli og farin skruðganga héðan að Myllubakkaskóla. Sól- og Ljósvallabörnin fóru í vettvangsferð í skruðgarðinn og fylgdust með opnuninni þaðan.

Heilsu- og forvarnarvika í Reykjanesbæ 27. sept. – 1. okt. '10. Í tilefni hennar buðu kennarar og börn deildanna íbúum bæjarins í vettvangsferðir um bæinn.

Lestrar- og skriftarnámskeið. Tíu vikna lestrar- og skriftarnámskeiðið hófst í leikskólanum 15. september '10. Kennt var í tveimur hópum kl. 8:30 og kl. 10:00. (Þróun og nýbreytni, aldrei kennt fyrir á haustönninni).

20 ára starfsafmæli, 8. október '10. Starfsmenn héldu uppá 20 ára starfsafmæli Hjálmeyjar Einarsdóttur og Grétu Eiríksdóttur með gjöfum, söng og kaffihlaðborði.

Haustferð 10. Svæðadeildar FL, haldin 8. október '10 í Sandgerði af leikskólakennurum í leikskólanum Sólborg.

Skemmti- og fræðsluferð til Boston 13. okt. – 18. okt. '10. Sautján starfsmenn leikskólans lögðu land undir fót og tókst sú ferð afar vel.

Matráðum boðið í námskeið hjá Stórelldhúsi í október '10.

Lúlli löggubangsi kom í heimsókn ásamt Krissa löggú 5. nóvember '10 og rifjaði upp með okkur umferðarreglurnar. Að endingu færði hann börnunum límmiða og endurskinsmerki að gjöf. (sjá öryggismál).

Í tilefni af **Degi íslenskrar tungu** sem við héldum uppá föstudaginn 16. nóv. '10 kom „Jón Sigurðsson“ (einn leikskólakennarinn lék hann) og flutti ljóð sín fyrir börnin, einnig fluttu Sunnuvallabörnin leikþátt og kennarar Sólvalla fluttu leikþátt um Geiturnar þrjár. Sungin voru íslensk lög og farið með vísur.

Jólasamverustund í Keflavíkirkirkju 23. nóvember '10, á vegum Reykjanesbæjar fyrir alla starfsmenn hans. Flutt var hugvekja, tónlistaratriði og boðið upp á kaffi.



Jólahelgistund. Þann 14. desember '10 var börnum í tveimur elstu árgöngunum boðið að koma í kirkjuna ásamt börnum frá öðrum leikskólum bæjarins, þar sem haldin var jólahelgistund. Sunnuvallabörnin fluttu helgileik fyrir og eftir hádegi og einnig jólalög sem þau túlkuðu á táknmáli.

Látum gott af okkur leiða – gjöf til Velferðarsjóðs Suðurnesja afhent í söngstund 2. des. '10. Starfsfólk leikskólans steikti kleinur og seldi til foreldra og velunnarra leikskólans og afhenti Hjördísi Kristinsdóttur starfsmanni Velferðarsjóðs kr. 170.000.- sem þakkaði höfðinglega gjöf.

Jólastund starfsfólks 3. des. '10. Starfsfólk kom saman og átti góða kvöldstund með tilheyrandi jólamat og skemmtun.

Jólaball foreldrafélagsins haldið í Heiðarskóla 8. desember '10 (sjá foreldrafélag).

Fjölskyldudagur í Kirkjulundi var haldinn 8. desember '10. Þrjár elstu deildirnar komu saman í Kirkjulundi og fluttur var helgileikur af Sunnuvallabörnunum og Ljós- og Sólvellir sungu jólalög. Boðið var upp á kaffi og piparkökur sem börnin höfðu málað á. Sunnuvallabörnunum veittar viðurkenningar fyrir að hafa lokið lestrar- og skriftarnámskeiðinu. Þann sama dag buðu Mánavallabörn foreldrum sínum í leikskólann þar sem boðið var upp á myndasýningu og smákökur og kaffi. Frábær þátttaka foreldra, systkina og annarra ættingja.

Litlu jólin voru haldin hátíðleg 17. des. '10 á sal skólans. Sungið og dansað í kringum jólatréð og tveir jólasveinar komu í heimsókn sem skemmtu börnunum. Boðið var upp á hangikjöt með öllu tilheyrandi í hádegismat.

Bóndadagurinn var haldinn hátíðlegur 21. jan. '11 með því að bjóða pöbbum og/eða öfum að koma í Þorra-morgunmat. Frábær þátttaka.

Þorrablót var 21. Jan. '11 Til þess að gera daginn eftirminnilegan var komið saman á sal skólans og sungnar „þorravísur“. Sýning var á gömlum munum og leikföngum sem er í eigu starfsfólks leikskólans og Byggðasafnsins. Einn kennari skólans klæddi sig upp í gömul húsfreyjuföt og útskýrði og sýndi hina ýmsu hluti og brúkun þeirra.

Ársskýrsla Tjarnarsels 2010 - 2011

Inni-íþróttadagur 16. febr. '11 – mikið fjör um allt hús, þrautabrautir af ýmsum toga og stöðvar sem börnin voru í nokkrar mín. í senn og endað á söngstund í salnum.

Mömmu- og ömmukaffi 18. febr. '11. Í tilefni konudags var mömmum og ömmum barnanna boðið upp á morgunkaffi. Frábær mæting.

Bolludagur og sprengidagur 7. og 8. mars '11 voru með hefðbundnu sniði. Borðaðar rjómobollur og fiskibollur í tilefni af bolludegi. Saltkjöt og baunir borðað í tilefni af sprengidegi.

Öskudagur 9. mars '11, allir mættu í búningum og „kötturinn“ sleginn úr tunnunni, frjálst flæði á milli deilda. Fjörugur dagur.

Árshátíð Reykjanesbæjar haldin í Stapa 12. mars 2011. Leikskólar Reykjanesbæjar sáu um árshátíðina þetta árið og nokkrir starfsmenn leikskólans voru í skemmtiatriðum sem flutt voru. Góð þátttaka starfsfólks leikskólans.

Vika bókarinnar í leikskólanum 11. – 15. apríl '11. Í tengslum við Alþjóðlega barnabókadaginn 2. apríl og Dag bókarinnar 23. apríl var foreldrum boðið í sögustundir áður nefnda viku. Leikskólakennararnir lásu og léku með orð skv. Orðaspjallsaðferðinni og einnig lásu nokkrir foreldrar fyrir börnin sína uppáhaldsbarnabók. Tókst afar vel og margir komu.



Matráður kveður. Þann 15. apríl kvaddi Fanney okkar í eldhúsinu, en þetta var síðasti vinnudagurinn hennar sem matráður eftir 34 ára farsælt starf í leikskólanum. Hún var kvödd af börnum og starfsfólki með skemmtidagskrá á sal þar sem hver deild söng fyrir hana uppáhaldslagið sitt. Fulltrúar hveurrar deildar afhentu Fanneyju kveðjukort sem þrjár árgangarnir útbjuggu og ein stúlkan af Sunnuvöllum las kveðjurnar frá börnunum.

Páskaeggjaleit í leikskólanum 15. apríl 2011 í boði foreldrafélagsins. Öll börnin höfðu málað á steina sem faldir voru vítt og breytt um húsið. Þegar hver og einn hafði fundið stein var mætt í salinn þar börnin „keyptu“ páskaegg með steinunum. Síðan var haldin páskasöngstund og Gréta var með páskahugvefju.

Endurfundir. Starfsfólk Mánavalla bauð fyrrverandi nemendum sínum árgangi 2005 til endurfundar í leikskólann 18. apríl 2011. Það varð mikill fögnuður þegar flestöll börnin mættu og rifjuðu upp leikskólasamveruna.

Hænuungar klekjast út í leikskólanum. Deildarstjóri Ljósvala kom 29. apríl '11 með lifandi hænuunga í leikskólann og nokkur hænuegg og klaktist a.m.k. eitt þeirra út og fylgdust leikskólabörnin öll með þessum viðburði og var þeim síðan skilað á heimaslóðir sem var rétt fyrir utan Sandgerði.

Dagur umhverfisins 26. apríl '10. Haldið upp á Dag umhverfisins með því að Ljós- og Sunnuvallabörn fóru upp í Vatnsholt og þrifu svæðið og Mána- og Sólvallabörn þrifu leikskólalóðina.

Umferðaskólinn ungir vegfarendur með umferðarfræðslu 26. maí '11. Við vorum í samstarfi með Vesturbergi og fóru Sunnuvallabörnin þangað ásamt kennurum sínum. (sjá öryggismál).

Listahátíð barna - listsýning í Duushúsum 20. apríl – 8. maí '11. Yfirskriftin var HIMINNINN. Elstu börn allra leikskóla Reykjanesbæjar voru viðstödd opnunina og sungin voru saman nokkur skemmtileg lög. Sól-, Ljós- og Sunnuvallabörn voru með skemmtun í Duushúsum í tilefni af **listahátíð barnanna** 6. maí '11. Þau fluttu ljóð, kvæði og söngva. Fjölmargir foreldrar mættu og einnig nemendur úr 6. og 7. bekk úr Myllubakkaskóla ásamt kennurum sínum. Mánavallabörnin komu og hlýddu á vini sína.

Útskriftarhátíð 25. maí '11 í Kirkjulundi. Sunnuvallabörnin sungu og táknuðu á táknumáli og lásu fyrir gesti. Leikskólastjóri kvaddi nemendur með ljúfum orðum. Boðið var upp á kaffi, safa og kökur. Einnig voru sýndar myndir frá leikskóladvöl nemenda. Frábær þátttaka foreldra, systkina og gesta.

Gróðursetning matjurta 1. júní '11, í matjurtabeð útisvæðis leikskólans, en þar gróðursettu Ljósvallabörnin ásamt kennurum sínum, hvítkál, blómkál, næpur, rófur, gulrætur og kartöflur og munu vökva og hlúa að og fylgjast með vexti grænmetisins í sumar.



Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna haldinn í leikskólanum 8. júní '11. Inga María og Ragnhildur kynntu starfs- og kennsluhætti leikskólans og ræddu um hvernig aðlöguninni yrði háttáð. Gestir skoðuðu einnig leikskólann.

Sumarhátíðin var haldin 24. júní '11 í frábæru veðri, sól og hita. Allir nemendur leikskólans fluttu söngatriði og skemmtu sér ásamt foreldrum í ýmsum leikjum. Boðið var upp á pylsur m/öllu tilheyrandi og einnig var sölusýning á verkum nemenda á vegum foreldrafélagsins. Afar góð þátttaka.

Moltudreifing í Vatnsholti 28. júní '11. Öll börnin og kennararnir fóru í samstarfi við Þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar (umhverfissviðið) upp í Vatnsholt og dreifðu þar moltu sem þau höfðu búið til í leikskólanum með því að flokka sorp og setja í endurvinnslutunnur á lóð leikskólans. Nokkrir foreldrar slógust með í för og tóku þátt í moltudreifingunni.

Úthlutun úr Manngildissjóði 28. júní '11 í Duushúsum. Inga María og Árdís tóku á móti styrk fyrir *Handbók um Orðaspjall*.

Heimsókn í Landnámsdýragarðinn og Stekkjarkot 5. júlí '11. Allir í leikskólanum börn og kennarar fóru og eyddu deginum á þessum slóðum, skoðuðu húsdýrin og einnig var Stekkjarkot skoðað og „húsfreyja“ tók þar á móti okkur. Grillað var og snætt utandyra við Stekkjarkot í frábæru veðri.



Kynning á leikskólanum út á við

Bók í hönd og þér halda engin bönd. Árdís Hrönn Jónsdóttir hefur verið dugleg að kynna þróunarverkefnið okkar innan sem utan bæjarfélagsins og má þar nefna;

Í sept. 2010	Í leikskólanum Bæjarbóli í Garðabæ
Í sept. 2010	Í Delta-Kappa-Gamma í Reykjanesbæ
Í sept. 2010	Í leikskólanum Króki í Grindavík
Í okt. 2010	Í leikskólanum Fífusölum í Kópavogi
Í okt. 2010	Á Menntakviku Menntavísindasviðs HÍ (sjá neðar, Menntakvika)
Í nóv. 2010	Á foreldrafundi með foreldrum leikskólabarna í Garðabæ
Í nóv. 2010	Í Heiðarskóla f. kennara yngri barna
Í nóv. 2010	Í leikskólanum Holti Reykjanesbæ
Í jan. 2011	Í Njarðvíkurskóla
Í febr. 2011	Leikskólar Grindavíkur – Laut og Krókur
Í febr. 2011	Leikskólinn Hof kom í heimsókn og fékk kynningu
Í mars 2011	Þrír grunnskólakennarar frá Grindavík kom í heimsókn og fengu kynningu
Í mars 2011	Meistaraneimi við Menntavísindasvið HÍ kom og tók viðtal við Árdísi út af þróunarverkefninu.
Í apríl 2011	Leikskólinn Akrasel á Akranesi

Grunnskólakennaranemi frá Menntavísindasviði HÍ kom í viku-vettvangsnám í okt. '10 og kynnti sér starf með elstu börnunum.

2 nemar frá Menntavísindasviði HÍ – fjarnám. Komu í leikskólann í. okt. '10 og febr. '11 en þeir eru á 4. ári.

Menntakvika í HÍ – Menntavísindasviði 22. okt. '10. Árdís var þar með erindi um þróunarverkefnið okkar „Bók í hönd“ og Inga María og Ragnhildur flutu erindi um „Handbók um lestrarkennslu fyrir 5 ára börn“.

Þróunarfulltrúi og aðstoðarleikskólastjórar í Hafnarfirði komu og fengu kynningu á öllu okkar starfi 5. nóv. '10.

Ellefu nemendur úr starfsdeild FS kom ásamt sex kennurum og kynntu sér starfið í leikskólanum 9. nóv. '10.

Nemi frá Menntavísindasviði HÍ kom 11. nóv. '10 og tók viðtal við leikskólastjóra og Margréti deildarstjóra um vettvangsnám og kynnti sér starfið í leikskólanum.

Nemi í starfsendurhæfingu hjá Samvinnu MSS kom í starfsnám í nóv./des. '10, einu sinni í viku í fjórar vikur.

Inga María leikskólastjóri með fyrirlestur um starfendarannsókn sem unnin var í samstarfi við sex leikskólakennara á hádegisfundi **RannUng/Rannsóknarstofu** í menntunarfræðum ungra barna 18. nóv. '10.

Nemi í starfstengdu diplomanámi fyrir fólk með þroskahömlum frá Menntavísindasviði HÍ var hér 2x í viku í 8 vikur febr. og mars '11.

Samstarf við Samvinnu – starfsendurhæfingu á Suðurnesjum kom og kynnti sér leikskólastarfið og vann verkefni, einu sinni í viku frá 17/11 '8/12 '10.

25 starfsmenn frá leikskólanum Hofi kom og kynnti sér allt starf leikskólans 22. febrúar '11. Tvö börn af Sunnuvöllum kynntu Orðaspjallið.

Þrír kennarar yngsta stigsins frá Heiðarskóla komu og sátu eina lestrar- og skriftarkennslustund 23. febr. '11.

Nemar frá FS. Tveir nemendur komu 10. mars '11 og kynntu sér stefnur og strauma leikskólans og tóku viðtöl, liður í uppeldisfræði FS.

Heimsókn frá Hópsskóla, grunnskóla Grindavíkur. Þrír grunnskólakennarar komu og kynntu sér leikskólastarfið og Orðaspjallsaðferðina 10. mars '11.

GETA hópurinn í heimsókn 1. apríl '11. Geta til sjálfbærni, menntun til aðgerða. Mættir voru; 4 frá Króki, 1 frá Álftanesi, 4 frá Varmárskóla, 8 frá HÍ. (dagskráin)???

Tveir grunnskólakennarar frá Heiðarskóla komu 6. apríl '11 og kynntu sér lestrar- og skriftarnámið hjá elstu börnunum og fóru með þeim í vettvangsferð.

20 börn frá leikskólanum Holti komu þann 7. apríl '11 ásamt kennurum sínum og heimsóttu vin sinn á Ljósuvöllum sem hafði áður verið leikskólabarn á Holti.

Tveir fulltrúar frá Menningar- og menntamálaráðuneytinu komu 11. apríl '11 og tóku út lestrar- og skriftarumhverfi leikskólans, en Tjarnarsel var valinn einn af tíu leikskólum á landinu fyrir áherslu á mál og læsi.

Árdís Hrönn og Ragnhildur voru með kynningu og námskeið í leikskólanum Akrasel á Akranesi 26. apríl '11 um lestrar- og skriftarumhverfið í Tjarnarseli og um Orðaspjallsaðferðina og þróunarverkefnið „Bók í hönd og þér halda engin bönd“.

Grunnskólanemi úr 10. bekk í Myllubakkaskóla kom 25. maí '11 og kynnti sér leikskólastarfið

Starfskraftur frá Vinnuskóla Reykjanesbæjar. Kamilla Mikaeladóttir kom til vinnu í Tjarnarseli frá 6. júní – 8. júlí '11.

Listsýning á verkum Ljósvallabarnanna haldin í Bókasafni Reykjanesbæjar 8. – 22. júlí 2011

Leikskólakennaranemi frá HA, Hafrún Ægisdóttir kom í vettvangsnám 22/8 '11 og mun dvelja hér í 10 vikur. Leiðsögukennari hennar er Ingunn Ósk Ingvarsdóttir.

Þess má geta að leikskólakennarar leikskólans eru duglegir að kynna starfið á vefsíðu leikskólans.

Starfsmenn

Stöðugildi

Í október 2010 skiptust stöðugildi þannig:

Leikskólakennarar: 10 starfsmenn 8,40 stöðugildum.

Leikskólaliðar/leiðbeinendur: 11 starfsmenn í 10,24 stöðugildum.

Starfsfólk í eldhúsi: 2 starfsmenn í 1,48 stöðugildum.

1 leiðbeinandi í langvarandi veikindum í 1,00 stöðugildi

Af ofangreindum stöðugildum voru 2% stöðugildi í sérkennslu.

Fundir

Síðasti starfsmannafundurinn á árinu utan vinnutíma starfsfólks 30. nóv. '10.

Vegna sparnaðar hjá Reykjanesbæ voru starfsmannafundir færðir á dagvinnutíma starfsfólks og fá leikskólarnir úthlutaða fimm fundi yfir árið og er leikskólinn lokaður á meðan. Á fundunum var upplýsingum og fróðleik komið á framfæri. Einnig voru fundirnir nýttir m.a. til að endurmeta og skipuleggja starf leikskólans. Í lok starfsmannafunda voru haldnir **deildafundir**, þar sem farið var yfir málefni deildanna.

Deildarstjórafundir voru einu sinni í mánuði og stundum oftar. Á fundunum voru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og verkefnastjóri. Fundirnir voru nýttir til að ræða faglegt starf leikskólans og taka sameiginlegar ákvarðanir. Einnig vettvangur fyrir leikskólastjóra að koma áleiðis upplýsingum til deildarstjóra.

Samráðsfundir leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra voru á sameiginlegum tíma á skrifstofu.

Undirbúningstímar voru einu sinni í viku hjá hverjum starfsmanni sem vinnur inni á deild. Leiðbeinendur fengu 2 tíma, leikskólakennarar 4 tíma og deildarstjórar 5 tíma á viku miðað við 100% starf. Í undirbúningstímum var hópastarfið og annað faglegt starf undirbúið og skipulagt. Einnig voru þeir nýttir til foreldraviðtala.

Fagfundir fræðslustjóra og leikskólastjóra í Reykjanesbæ voru haldnir einu sinni í mánuði.

Sérkennslufulltrúi hélt mánaðarlega fundi með sérkennslustjóra í leikskólanum og rætt var um þau börn sem nutu sérstuðnings, framvindu og leiðir og greiningar sem framundan voru og gaf fagleg ráð.

Skipulags- og námskeiðsdagar – Endur- og símenntun

Skipulagsdagur 25. okt. '10 á laugardegi (v/Bostonferðar).

Inga M. leikskólastjóri kenndi ýmis hreyfilög. Árdís verkefnisstjóri fjallaði um þróunarverkefnið „bók í hönd“ og sagði okkur frá endurmati frá liðnu vori og áætlun vetrarins. Einn frá hverri deild sögðu frá hvernig orðaspjallið verður unnið þar. Í lokin fór Inga María yfir stöðu þróunarverkefnisins „útinám í vettvangsferðum“.

Skipulagsdagur 14. og 15. október '10.

Sautján starfsmenn fóru til Boston í fræðslu- og skemmtiferð og komu aftur 18. október.

Skipulagsdagur 24. janúar '11. Dagurinn hófst með starfsmannafundi og síðan kom Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur og kenndi okkur að nota útgefið efni hennar „Leikum og

Ársskýrsla Tjarnarsels 2010 - 2011

lærum með hljóðin“ og eftir hádegi kom Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor og flutti erindi um mál- og læsisþroska.

Skipulagsdagur 20. maí '11. Starfsfólk lagði land undir fót og heimsótti Sólheima í Grímsnesi, þar sem fengin var leiðsögn um svæðið og smiðjur skoðaðar. Eftir hádegið var leikskólinn Álfheimar á Selfossi skoðaður og fengin kynning um allt hans starf og fórum við allar í vettvangsferð með þeim út um mó, inn í skóg og skoðuð „útistofan“ þeirra.

Endur- og símenntun starfsmanna

Menntun starfsmanna 1. okt. '10

Leikskólakennarar með M.Ed: 2 starfsmenn

Leikskólakennarar: 8 starfsmenn.

Leikskólaliðar og önnur menntun: 13 starfsmenn

Veikindaleyfi.

Kristrún Samúelsdóttir fór í veikindaleyfi 3. ágúst '10 og lét síðan af störfum 28. ágúst '11.

Fæðingarorlof

Inga Sif Stefánsdóttir kom úr fæðingarorlofi 2. maí '11

Uppsagnir.

Elisabet Margrét Kristinsdóttir hætti störfum 9. febr. '11

Faney Sigurðardóttir yfirmatráður lét af störfum 27. júní '11.

Nýir starfsmenn

Birgitta Brynjúlfsdóttir hóf störf 1. sept. 10

Jóhanna Torfadóttir hóf störf 23. maí '11

Ofangreindir starfsmenn útskrifuðust sem leikskólakennarar frá Menntavísindasviði HÍ þann 11. júní '11

Nýr aðstoðarmatráður

Ástríður Guðmundsdóttir tók til starfa sem aðstoðarmatráður í eldhúsi, þann 14. júní '11 en hún starfaði áður á Sólvöllum og Fríða Bjarnadóttir tók við starfi yfirmatráðs.

Launalaust leyfi.

Ingunn Ósk Ingvarsdóttir fór í launalaust leyfi frá 6. júní – 11. júlí '11

Hólmfríður Jónsdóttir fór í 50% launalaust leyfi frá 14. júní – 11. júlí '11

Ólafía Marelsdóttir fór í launalaust leyfi frá 6. júní – 11. júlí '11

Börn

Flutningur barna milli deilda

Skólinn býr við þá sérstöðu að hver deild er með hreinan aldursárgang árið um kring. Síðasta dag fyrir sumarleyfi færast allir yfir á næstu aldursdeild og kennararnir einnig. Þetta gerum við á skemmtilegan hátt, þ.e. allir hittast í sal og eru deildirnar afhentar formlega með fánum, barmmerkjum, vísum og söng. Síðan er „marserað“ yfir á nýja deild. Þannig verður deild yngstu barnanna auð og strax að loknu sumarleyfi byrjar aðlögun yngstu barnanna inn í skólann.

Fjöldi barna

Í október 2010 voru alls 80 börn í Tjarnarseli.

Árg. 2005, alls 20 börn,

Árg. 2006, alls 20 börn,

Árg. 2007, alls 20 börn

Árg. 2008, alls 20 börn



Sérkennsla

Á skólaárinu 2010-2011 voru alls 14 börn í Tjarnarseli sem nutu sérstuðning í alls 2 stöðugildum. Sérkennslufulltrúi Reykjanesbæjar kom mánaðarlega í skólann og hélt fund með sérkennslustjóra, leikskólastjóra og einnig deildarstjórum þegar við átti.

Fjórtán börn nutu sérkennslu í í fimm hópum, þrjú til fjögur börn í hóp. Hver hópur hittist að jafnaði tvisvar til fjórum sinnum í viku. Þrjú af þeim börnum sem nutu sérkennslu fengu jafnframt einstaklingsþjálfun í ákveðinn tíma. Í einstaklingstímum var unnið með atriði sem ekki hentaði að vera með í hóptímum. Ef leikskólakennarar höfðu áhyggjur af málþroska á deildinni var þeim boðið að vera með í málörvunarhópi í nokkrar vikur. Í framhaldi af því var tekin ákvörðun um hvort óskað yrði eftir mati talmeinafræðings fyrir viðkomandi barn.

Ársskýrsla Tjarnarsels 2010 - 2011

Í málörvunartímum var meðal annars stuðst við mat og ráleggingar talmeinafræðinga. Lögð var áhersla á hljóðmyndun, málskilning, máltjáningu og framburðaræfingar. Unnið var með

námsefnið *Lærum og leikum með hljóðin, S- og R bækurnar* eftir Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing ásamt fjölbreyttum spilum, leikjum, ýmsu málörvunarefni og bóklestri.

Einnig var lögð rík áhersla á að efla félags- og samskiptafærni barnanna, einbeitingu og úthald við verkefni og leiki jafnt í málörvunartímum sem í öðru starfi leikskólans.

Matsaðferðir

- ❖ **Aldursmiðaðar atferliskannanir** að hausti og vori
- ❖ **Ofvirknivarði** fyrir 4 ára og eldri (ADHD – Rating Scale – IV)
- ❖ **Ísl. þroskalistinn**
- ❖ **Smábarnalistinn**
- ❖ **Athyglisbrestur barna**, fyrir 4 ára og eldri
- ❖ **Hegðun á heimili**, fyrir 4 ára og eldri sem foreldrar fylla út ef um hegðunarerfiðleika er að ræða.
- ❖ **Hljóm – 2**, athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Prófað er bæði að hausti og að vori þau börn sem komu slök út að hausti.
- ❖ **ASSQ gátlisti** eftir **Gillberg og Echlers**
- ❖ **Færni barns í málnotkun og málskilningi** eftir Hálmfríði Árnadóttur talmeinafræðing. Gróf viðmið fyrir aldurinn 1 – 4ja ára.
- ❖ **Sjónræn og heyrnræn stafabekking** (könnuð hjá elstu börnunum fyrir og eftir lestrar- og skriftarnámskeið)
- ❖ **ASEBA**, spurningalisti yfir atferli barna á aldrinum 1 ½ - 5 ára, foreldrar svara
- ❖ **ASEBA**, upplýsingar frá kennara barna á aldrinum 1 ½ - 5 ára.

Foreldrasamstarf

Áherslur og markmið

Þar sem börnin dvelja mikinn hluta dagsins í leikskólanum teljum við mikilvægt að góð samvinna og traust skapist milli foreldra og starfsfólks. Að gott upplýsingaflæði þurfi að vera fyrir hendi milli þessara aðila til þess að dvöl barnsins verði sem ánægjulegust. Við leggjum okkur fram við að bjóða foreldra velkomna hvenær sem þeir óska og hvetjum þá til að koma í heimsókn og fylgjast með starfsemi. Einnig eru foreldrar hvattir til að vera þátttakendur í ýmsum viðburðum leikskólans s.s. á sumarhátíðinni, við dreifingu moltu á Vatnsholti, í vettvangsferðum, o.fl.

Foreldrafundir

9. september '10 var foreldrum elstu barna leikskólans boðið á kynningarfund um væntanlega lestrarkennslu og stóð kennslan yfir í 10 vikur og hófst 15. sept. '10. Sýnt í máli og myndum hvernig undirbúningi og framkvæmd yrði háttað og foreldrar hvattir til samstarfs. Ragga sagði frá námskeiðinu, Ásta deildarstjóri sagði frá vetrarstarfinu og Árdís fjallaði um

Ársskýrsla Tjarnarsels 2010 - 2011

mikilvægi lesturs. Fundurinn var haldinn e.h. á vinnutíma og var góð mæting foreldra á fundinn.

27. okt. '10 var haldinn kynningarfundur fyrir foreldra og aðalfundur foreldrafélagsins (sjá Foreldrafélag).

8. júní '11 var kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna. Inga María og Ragnhildur kynntu stefnu leikskólans og hvernig aðlöguninni yrði háttað. Foreldrarnir skoðuðu síðan leikskólann og boðið var upp á veitingar á Mánavöllum. Mjög góð mæting.



Foreldraviðtöl, fréttabréf

Foreldraviðtöl. Í afmælimánuði barnsins er foreldrum boðið að fá viðtal við deildarstjóra sem hópstjóri/tengill viðkomandi barns situr einnig. Á haustin gera hópstjórar „atferlisathugun“ á hverju barni í sínum hópi og endurskoða hana í janúar. Í samtalinu er foreldrum m.a. greint frá niðurstöðum.

Fréttabréf leikskólans voru 4 á síðasta starfsári. Í fréttabréfunum er upplýsingum komið á framfæri við foreldra hvað varðar starfið í leikskólanum.

Foreldrafélag

Foreldrafélag Tjarnarsels er skipað sjö fulltrúum foreldra.

Foreldrafélagið stóð m.a. fyrir:

- ❖ **Aðalfundi 27. okt. '10.** Fundurinn hófst með því að Inga María leikskólastjóri fór yfir áherslupætti leikskólans, Árdís verkefnisstjóri kynnti þróunarverkefnið „Bók í hönd og þér halda engin bönd“. Kosið var í foreldraráð leikskólans. Jane Petra frá foreldrafélaginu las yfir ársskýrslu síðasta starfsárs og Rúnar fráfarandi gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins sem voru síðan samþykktir. Kynnt var ný stjórn, samtals 7 manns. Að fundinum loknum fóru foreldrar inná deildir barna sinna og fengu kynningu hjá deildarstjórum á starfsáætlun vetrarins.
- ❖ **Svefn og svefnvenjur barna.** Sameiginlegur fræðslufundur foreldrafélaga leikskólanna í Reykjanesbæ, haldinn í íþróttakademíunni 17. nóv. '10. Fyrirlesari var Arna Skúladóttir svefnráðgjafi.

Ársskýrsla Tjarnarsels 2010 - 2011

- ❖ **Jólaballi** sem var 8. desember '10 í Heiðarskóla. Það var vel sótt og áttu foreldrar og börn ánægjulega stund saman með góðum gestum.
- ❖ **Páskaeggjaleit í leikskólanum** 15. apríl 2011. Foreldrafélagið gaf öllum börnunum páskaegg í tilefni páskahátíðarinnar. Vegna veðurs var útbúin ratleikur í leikskólanum þar sem börnin skemmtu sér við að finna málaða steina sem notaðir voru til að kaupa páskaegg af kennurunum.
- ❖ **Morgunverðarhlaðborði** fyrir starfsfólk leikskólans 1. júní '11
- ❖ **Sölusýningu** á sumarhátíð leikskólans þann 24. júní '11 þar sem listaverk eftir leikskólabörnin voru til sölu. Þetta var einn liður í fjáröflun félagsins.

Samstarf – fræðsla - ráðgjöf

Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila

Leikskólinn hefur aðgang að ráðgjöf og þjónustu frá Fræðslusviði Reykjanesbæjar. Meðal annars við talmeinafræðinga, sálfræðinga, sérkennslufulltrúa, félagsráðgjafa og fleira fagfólk. Fræðslustjóri fundar mánaðarlega sameiginlega með öllum leikskólastjórum Reykjanesbæjar. Sérkennslufulltrúi kom mánaðarlega inn í skólann og fundaði með sérkennslustjóra um börn er njóta sérkennslu. Fylgdist vel með og gaf fagleg ráð (sjá Starfsmenn – fundir). Leikskólinn hefur einnig gott samstarf við starfsfólk bæjarskrifstofu, fræðsluskrifstofu og þjónustu-miðstöðvar. Allt okkar samstarf við rekstraraðila hefur verið mikið og gott í gegnum árin.

Samstarf við aðra

- ❖ Samstarf við Brunavarnir Suðurnesja (sjá öryggismál).
- ❖ Samstarf við bókasafn Reykjanesbæjar hefur ætíð verið farsælt og nemendur Ljósvala fóru vikulega í sögulestur í bókasafnið og las Svanhildur Eiríksdóttir bókasafnfræðingur fyrir þau.
- ❖ Samstarf við Fjölskyldu og félagsþjónustu Reykjanesbæjar hefur verið mikið og gott í gegnum tíðina.
- ❖ Samstarf við Landvernd vegna Grænfána.
- ❖ Samstarf við Dacoda vegna heimsíðu leikskólans.
- ❖ Samstarf við kennara á Menntavísindasviði HÍ – Hrafnhildi Ragnarsdóttur prófessor og forstöðumann rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi, og Ingólf Ásgeir Jóhannesson og Stefán Bergmann sem eru hluti af teymi Geta hópsins.
- ❖ Samstarf við GETA hópinn v/Geta til sjálfbærni – menntun til aðgerða.
- ❖ Samstarf við Mentor v/skráningarforritsins Mentor.
- ❖ Samstarf við listamenn í Reykjanesbæ.
- ❖ Samstarf við fagaðila hjá skrifstofu Reykjanesbæjar.
- ❖ Samstarf við Hverfisvini vegna viðhalds í leikskólanum.
- ❖ Samstarf við garðyrkjustjóra bæjarins vegna útisvæðis leikskólans.
- ❖ Samstarf við umhverfissvið bæjarins.
- ❖ Samstarf við Ál nabæ – endurvinnu efni sem til fellur frá þeim.

Starfsmannasamtöl

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku starfsmannasamtöl við alla starfsmenn leikskólans í febrúar '11. Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári þar sem farið er yfir útfyllt sjálfsmat og starfsmaður veltir upp sínum sterku eiginleikum.

Leik- og grunnskólakennaranám við HÍ

Nemar

Einn grunnskólakennaranemi frá Menntavísindasviði HÍ, dvaldi hér í vettvangsnámi í eina viku í október '10

Tveir leikskólakennaranemar luku leikskólakennaranámi í júní '11

Samstarf við grunnskóla

Elstu börnin í leikskólanum fóru ásamt hópstjórum í heimsóknir í Myllubakkaskóla, Holtaskóla og Heiðarskóla.

Kennarar yngsta stigs grunnskóla og elsta stigs leikskólans og deildarstjórar hittust á árinu til að ræða samstarf milli skólanna. Einnig hittust þeir á vordögum og farið var yfir gátlista sem fylltir höfðu verið út um þá nemendur sem fara í viðkomandi skóla.

Samstarf skólastiga:

- Fyrsti bekkur SS úr Myllubakkaskóla kom í heimsókn í okt. '10 – kenndir ýmsir söngleikir í sal.
- Elstu börnin fóru í heimsókn í Myllubakkaskóla og sýndu leik og söngatriði í tilefni af Degi ísl. tungu 19. nóv. '10.
- Sjöundi ÍH úr Myllubakkaskóla las fyrir elstu börnin í leikskólanum 23. nóv. '10 (barn á barn).
- Sunnuvallabörn og 1. ÍH frá Myllubakkaskóla og elstu börn frá leikskólanum Vesturbergi hittust og sungu saman og gengu í kringum jólatréð á Skrúðgarðstorgi og drukku heitt kakó og borðuðu smákökur og skiptust á jólakortum 10. des. '10.
- Sunnuvallabörn heimsóttu 1. bekk SS í kennslustund í Myllubakkaskóla í febr. '11.
- Sunnuvallabörnin sækja opinn dag í Myllubakkaskóla 25. febr. '11.
- Sunnuvallabörn fóru í íþróttatíma með 1. bekk í Myllubakkaskóla í mars. '11.
- Sjöundi ÍH úr Myllubakkaskóla las fyrir Sunnuvallabörnin í Tjarnarseli 29. mars '11
- Sunnuvallabörnin buðu 1. SS í Myllubakkaskóla í vettvangsferð. Farið var í skóginn í Vatnsholti og hann rannsakaður og farið í leiki um hann allan. Að endingu snætt saman nesti og sungið.



Öryggismál

Þjónustuaðili gagnvart brunavörnum leikskólanna er **Öryggismiðstöð Íslands**.

Brunaæfing er annað hvert ár á haustin og var ekki s.l. haust. Deildarstjórar endurmeta fyrri rýmingaráætlanir einu sinni á ári. **Slökkvitæki** eru yfirfarin einu sinni á ári.

Logi og Glóð. Samvinnuverkefni elstu barna leikskólans og Brunavarna Suðurnesja. Fulltrúi frá þeim kom tóku út brunavarnir í leikskólanum og ræddu við þau um Loga og Glóð. Börnin skiptust á að sinni hlutverki Loga og Glóðar og yfirfóru brunavarnirnar í leikskólanum og fylltir voru út gátlistar með aðstoð kennara. Þetta verkefni stóð yfir allan veturinn.

Lúlli löggubangsi kom í heimsókn ásamt Krissa löggu 5. nóvember '10 og rifjaði upp með okkur umferðarreglurnar. Að endingu færði hann börnunum límmiða og endurskinsmerki að gjöf.

Fulltrúar frá **viðhaldsþjónustinni Mímo ehf.** komu í september '10 og yfirfóru loftræstistokka leikskólans og hreinsuðu það sem þurfti.

Fulltrúar frá **Eldvarnareftirliti Brunavarna Suðurnesja** komu og yfirfóru brunavarnir í leikskólanum s.s. slökkvitæki, útgönguleiðir o.fl. í maí '11.

Fulltrúi frá **Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja** kom í eftirlit í okt. '10, skoðaði húsnæði og leikskólalóð. Sendi okkur skýrslu um úrbætur.

Þrír sjálfboðaliðar frá kvennasveitinni **Dagbjörtu hjá Rauða krossinum** mættu fyrir utan leikskólann kl. 7:45 – 8:30, 28. apríl 2011 og athuguðu bílbeltanotkun hjá foreldrum og færðu þeim bókina „öryggi barna í bílum“.

Öryggisfulltrúi sér um reglulegt mat á leiktækjum útisvæðis og fyllir reglulega út gátlista það sem laga þarf innandyrá.

Umferðaskólinn Ungir vegfarendur með umferðarfræðslu. Við vorum í samstarfi með leikskólanum Vesturbergi og fóru Sunnuvallabörninn þangað í maí '11.

Breytingar og viðhald

Útileiksvæði: Skipt um sand í sandkassanum.

Innanhúss: Engar stórvægilegar breytingar vegna sparnaðar. Málaðir ofnar á Ljós- og Sunnuvöllum. Nokkrar skemmdir á veggjum varðar með tréplötum. Yfirfarnar allar skrár, hurðabremsur og læsingar á hurðum og annað smálegt.

Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur o.fl.

Fundur um málefni leik- og grunnskóla haldinn í Holtaskóla 7. sept. '10.

Menntun til sjálfbærni – ánægja og vellíðan barna, fyrirlestur á vegum GETA – (geta til sjálfbærni- menntun til aðgerða), í Skriðu sal menntavísindasviðs HÍ, 2. sept. '10, en fyrirlesari var Sören Breiting frá Danska menntavísindasviðinu. Að fyrirlestrinum loknum hittist GETA hópurinn og Sören sat fyrir svörum. Inga María leikskólastjóri og Margrét deildarstjóri sóttu fyrirlesturinn.

Trúnaðarmannanámskeið FL haldið í Reykjavík 21. okt. '10. Fanney Jósepsdóttir trúnaðarmaður sótti námskeiðið.

Spurningakannanir. Ragnhildur og Margrét sóttu námskeið 13. apríl '11, sem fólst í því að búa til og geta sent út spurningakannanir í tölvutæku formi til foreldra eða starfsfólks

Kvennafrídagurinn 25. okt. '10. 35 ár voru þennan dag síðan stóri kvennafrídagurinn var haldinn og starfsfólk leikskólanna í Reykjanesbæ mótmælti lágum launum með því að ganga út úr leikskólanum kl. 14:25.

Kynningarfundur á leikskólastarfinu fyrir foreldra og aðalfundur foreldrafélagsins 27. okt. '10. Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri kynntu leikskólastarfið, skýrsla síðasta starfsárs lesin upp og reikningar félagsins og ný stjórn kosinn. Deildarstjórar allra deildanna fræddu foreldrana um vetrarstarfið inni á deildunum.

Leikskólafulltrúi kvaddur 4. nóv. '10. Inga María leikskólastjóri ásamt leikskólastjórum leikskólanna í Reykjanesbæ kvöddu Guðríði leikskólafulltrúa á Flughótelinu og færðu henni gjafir.

Ný stefna í menntamálum: hvernig hrindum við henni í framkvæmd? Ársþing samtaka hjá Skólaþróunarfélagi Íslands í Sjálandsskóla í Garðabæ 5. nóv. '10. Inga María leikskólastjóri sótti ársþing.

Jólafundur 10. deildar FL, haldinn í leikskólanum Akri 18. nóv. '10. Meðal atriði var sýnikennsla í kransagerð og tónlistaratriði frá Tónlistarskólanum ásamt kvöldverði.

Kraftmikil stjórnun skapar verðmæti. Ráðstefna á vegum FSL, fyrir stjórnendur í leikskólum landsins haldin 14. nóv. '10. Inga María og Ragnhildur sóttu ráðstefnuna.

GETA samráðsfundur í Tjarnarseli 1. apríl '11. Alls mættu 23 fulltrúar GETA hópsins (sjá kynning á leikskólanum út á við).

GETA samráðsfundur í HÍ – menntavísindasviði 20. maí '11. Inga María sótti fundinn og flutti erindi.

Menntakvikan 2010. Ráðstefna í menntavísindum 22. okt. '10 við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi stóð fyrir fjórum málstofum og flutti Árdís þar erindi um; *Að efla orðaforða barna – orðaspjall* og Inga María og Ragnhildur fluttu; *Á leið til læsis – handbók í smíðum um lestrarnám í leikskóla með fimm ára börnum.*

Trúnaðarmannanámskeið VFSK í apríl '11. Hjálmei Einarsdóttir trúnaðarmaður sótti námskeiðið.

Námskeið og kynning á orðaspjallinu og lestrar- og skriftarumhverfi Tjarnarsels haldið á Akraseli á Akranesi 26. apríl '11. Árdís og Ragnhildur héldu námskeiðið.

Vorfundur leik- og grunnskólanna haldinn í leikskólanum Vesturbergi 24. maí '11. Ragnhildur og Ásta deildarstjóri sóttu fundinn þar sem upplýsingum væntanlegra grunnskólabarna var miðlað.

Námskeið í myndvinnslu. Vefstjóri leikskólans hélt námskeið fyrir alla starfsmenn leikskólans dagana 28.29. og 30. júní '11 í myndvinnslu þar sem markmiðið er að verða fullfær að taka myndir af myndavél, vinna þær og setja þær inn á myndasíðu.

Numicon, námskeið haldið í íþróttakademiunni 19. ágúst '11. Fanney, Hrönn og Theodóra sóttu námskeiðið alls 4 klst.

Hljóm – 2. Haldið 26. ágúst og 7. október '11 í Hí Menntavísindasvæði. Theodóra Mýrdal og Ólafía Marelsdóttir sóttu réttindanámskeið.

Lokaorð

Enn einu skemmtilegu starfsári leikskólans er lokið og margt fer í minningabankann. Flestir í starfsmannahópnum fóru saman til Boston í náms- og skemmtiferð í október '10 og tókst sú ferð mjög vel og ekkert lát er á samheldninni í starfsmannahópnum. Má nefna að í desember '10, létum við gott af okkur leiða og afhentum fulltrúa frá Velferðarsjóði Suðurnesja kr. 170.000.- sem var afrakstur kleinubaksturs starfsmanna og sölu á þeim s.s. til foreldra og vina.

Það sem stendur upp úr á árinu er varðar faglegt starf leikskólans er vinnan við þróunarverkefnið *Bók í hönd og þér halda engin bönd – orðaspjall í leikskóla*, sem er að setja skemmtilegan svip á mál og læsisumhverfi leikskólans. Það hefur vakið mikinn áhuga og athygli í leik- og grunnskólum bæð í heimabyggð og á Stór-Reykjavíkursvæðinu og verkefnastjórinn okkar verið með kynningu og haldið námskeið víða um land. Jafnframt hafa leikskóla- og aðstoðarleikskólastjórnarnir verið með kynningar á ýmsum ráðstefnum um þróunarverkefnið er tengjast útinámi í vettvangsferður og mál og læsi. Við erum afar stoltar af því að vera valinn einn af tíu leikskólum landins, af Menntamálaráðuneytinu, til úttekta á mál- og læsisumhverfi í leikskólum og stendur til að gefa út skýrslu um starfið á þessu hausti. Á vordögum fengum við viðbótarstyrk úr Manngildissjóði Reykjanesbæjar v/þróunarverkefnisins til að ljúka við handbók um Orðaspjallið.

Matráðurinn okkar til 34 ára, hún Fanney Sigurðardóttir lét af störfum vegna aldurs og einnig hún Krístrún Samúelsdóttir er starfaði sem leiðbeinandi í 27 ár og er eftirsjá í þeim fyrir ómetanlegt og farsælt samstarf.

Samstarfið við foreldra Tjarnarselsbarna er alltaf jafn gott og þeir láta sitt ekki eftir liggja að mæta á alla viðburði sem við stöndum fyrir og oftast en ekki 90% mæting á þá marga. Samstarfið við stjórn foreldrafélagsins er alltaf jafn jákvætt og ánægjulegt og stjórnin heldur í þá skemmtilegu hefð að dekra við starfsmannahópinn t.d. með girnlegu morgunverðarhlaðborði. Á þessu ári sem öðrum hefur foreldrafélagið fært leikskólanum góðar gjafir.

Leikskólinn fær árlega fjölda heimsókna eins og grunn- og leikskólakennaranema frá Menntavísindasviði HÍ, HA, MSS auk annarra gesta sem eru að kynna sér þær starfs- og kennsluáferðir og þróunarverkefni sem við erum orðin þekkt fyrir. Fögnum við því hversu vel við erum kynnt á landsvísu.

Reykjanesbæ í október 2011

Ragnhildur Sigurðardóttir aðstoðarleikskólastjóri

Inga María Ingvarsdóttir leikskólastjóri